



Fundargerð

194. fundur stjórnar HEF ehf haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 23. september 2015 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Karl Lauritzson, Guðbjörg Björnsdóttir, Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Árshlutauppgjör jan – ág. 2015
2. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl 12:10

Gunnar Jónsson stýrði fundi.

1. Árshlutauppgjör jan – ág. 2015

Undir þessum lið sátu Magnús Jónsson og Guðlaugur Erlingsson frá KPMG.

Magnús Jónsson endurskoðandi fór yfir árshlutauppgjörið að auki svöruðu Guðlaugur og Guðmundur fyrirspurnum og komu með ýmsar skýringar. Rætt um að með breyttum starfsháttum þá sé eðlilegt að færa hluta af launkostnaði eigin starfsmanna yfir á nýframkvæmdir. Samþykkt að breyta árshlutauppgjörið samkvæmt tillögu framkvæmdastjóra um skiptingu launakostnaðar á nýframkvæmdir. Árshlutareikningurinn verður afgreiddur og undirritaður á næsta fundi. Magnús og Guðlaugur yfirgáfu fundinn kl 13:17.

2. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri upplýsti um nauðsynlegar framkvæmdir í og við Tjarnarbrautina, Einbúabla og tengja regnvatnslögn frá hluta miðbæjar. Frekari útfærsla á framkvæmdaáætlun næst árs verður rædd á næsta fundi.
- b) Framlögð bókun frá Bæjarráðsfundi 21. sept. 2015 varðandi ósk um að HEF ehf. leggi mat á kostnaði við fleiri lausnir vegna fráveitumála fyrir Ylströnd og iðnaðarsvæðið við Selhöfða sem yrði mögulega tengd í fráveitukerfi Fellabæjar. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að láta meta þessa kosti.
- c) Næsti reglulegi fundur verður 7. október 2015.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 14:15.

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson